

# Textasýn

## Viðmótsbreytingar

### Leita í síum

### Saga 2019.2

#### Viðmótsbreytingar: Yfirlit – Nánar - Ítarlegt

Efst í textasýninni er kominn valmöguleiki á því að birta textasýn á mismunandi máta og skoða gögnin eftir því hversu miklar upplýsingar notandi vill skoða. Notendur geta valið um að sjá einungis „Yfirlit“, „Nánar“ og „Ítarlegt“. Þegar notandi velur t.d. „Nánar“ og skiptir svo um sjúkling þá helst stillingin „Nánar“ á milli sjúklinga.

**Yfirlit:** Þegar „Yfirlit“ er valið birtast allar færslur í textasýninni samanþjappaðar þannig að fljótlegt er að skruna yfir færslurnar til að fá heildarmyndina. Hér er hægt að smella á fyrirsögn eða á litla þríhyrninginn vinstra megin við dagsetningu og við það opnast nánari upplýsingar.

Hér sjást nánari upplýsingar og notandi getur núna smelt á „Sjá meira...“ til þess að skoða enn frekari upplýsingar.

07.02.2019 **Beiðni um myndgreiningu (Hjartavernd)** Breyta

Heimilislæknir(s) - NHDV B1-01 Legudeild<sup>1</sup>

**Sjúklingur:** Nafn: Jóna Jónsdóttir  
 Heimilisfang: Borgartún 37  
 Heimasími: 4445555  
 Farsími: 6859254  
 Vinnusími: 1234567  
 Netfang: baaaa@ra.is

**Aðrar upplýsingar:** Ofnæmi fyrir skuggaefni: Nei  
 Lyfjameðferð v/sykursýki: Nei  
 Skert nýrnastarfsemi: Nei  
 S-Kreatín: 10  
 Nánari upplýsingar: nánsí

**Útgefandi beiðni:** Nafn:   
 Læknanúmer:  
 Stofnun:  
 Deild:  
 Sími:

Sjá meira...

Notandi smellir á „Sjá meira...“ og í þessu tilfalli birtist greining sem sett var í blaðið.

07.02.2019 **Beiðni um myndgreiningu (Hjartavernd)** Breyta

Heimilislæknir(s) - NHDV B1-01 Legudeild<sup>1</sup>

**Sjúklingur:** Nafn: Jóna Jónsdóttir  
 Heimilisfang: Borgartún 37  
 Heimasími: 4445555  
 Farsími: 6859254  
 Vinnusími: 1234567  
 Netfang: baaaa@ra.is

**Rannsóknir:** Tsn-kviður, ekki nánar greint, Án skuggaefnis, TSN-D00©

**Aðrar upplýsingar:** Ofnæmi fyrir skuggaefni: Nei  
 Lyfjameðferð v/sykursýki: Nei

**Nánar:** Ef valið er „Nánar“ birtast færslurnar opnar og aðalatriðin í hverri færslu sjást. Ef fleiri atriði eru til staðar í blaðinu sem birtast ekki við val á „Nánar“ þá er hnappur hægra megin við færsluna „Sjá meira...“. Sjá mynd hér fyrir ofan.


**Ítarlegt:** Þegar Ítarlegt er valið birtast allar upplýsingar ásamt þeim upplýsingum sem eru til staðar undir „Sjá meira...“.

**Athugið** að þær upplýsingar sem birtast undir „Sjá meira...“ eru ekki fullmótaðar og á eftir að útfæra þessa virkni frekar og bæta við fleiri eyðublöðum með þessari virkni. Þetta verður gert í samvinnu við viðskiptavini þar sem ákveðið verður hver eru „aðalatriði“ blaðanna (birtist undir „Nánar“) og hver eru „aukaatriði“ (birtist undir „Sjá meira...“). Til að byrja með verður því ekki mikill munur á „Nánar“ og „Ítarlegt“ en það mun breytast hægt og rólega eftir því sem fleiri upplýsingar berast frá notendum og fleiri blöð bætast við í þessa virkni.


### Viðmótsbreytingar: staðsetning á aðgerðarhnöppum

Aðgerðarhnappar hafa verið færðir hægra megin í textasýn svo þeir séu ekki alveg klesstir upp við fyrirsagnirnar.

Ef einungis ein aðgerð er í boði í textasýn þá birtist hún bara. Hér er t.d. bara „Staðfesta“ hnappur.




Ef aðgerðirnar eru tvær eða fleiri þá birtist valmyndarhnappur sem notandi getur smellt á og við það birast aðgerðirnar. Hér sjást aðgerðirnar „Staðfesta“ og „Breyta“.




### Leita í efnisflokkum fyrir síur

Nú er hægt að leita í efnisflokkum þegar notandi býr til síur. Ef valinn sjúklingur er með langa sjúkrasögu þá getur efnisflokkatréð hægra megin við textasýnina orðið býsna stórt og tímafremt að skruna upp og niður og opna og loka fyrirsögnum til að finna réttu leitaratriðin.

Notandi er staddur í textasýn og smellir á einhverja línu í efnisflokkatrénu og velur Ctrl + F á lyklaborðinu. Við það opnast nýr leitarreitur undir „Velja tímabil“ hægra megin.






Notandi setur inn „Lyf“ í reitinn og við það opnast efnisflokkatréð á þeim atriðum sem passa við leitarstrenginn. Ekki þarf að smella á Enter heldur byrjar Saga strax að leita og opnar viðeigandi leitaratriði um leið.




Á þennan hátt er hægt að leita eftir hvaða efnisatriði sem er; starfsmanni, ákveðnum tegundum eyðublaða, lyfjum, aðgerðum, rannsóknum, kóðum og svo framvegis.


Hér hefur verið leitað í efnisflokkatrénu og hakað í „Starfsmaður“, „Samskipti“ og „Lyf“.




Þegar notandi smellir á stóra X-ið hægra megin við leitarreitinn þá lokast leitarreiturinn en öll valin efnisatriði sem búið var að haka í halda sér.




Ef gögn fyrir valinn sjúkling innihalda engan/engin efnisflokk/efnisatriði sem passa við leitarskýliðin þá birtast engar niðurstöður.



Notandi smellir þá á X-ið sem er inni í leitarreitnum og þá birtast efnisflokkarnir aftur.



Þá getur notandinn hreinsað virka síu með því að smella á „Síur“ og velja „Hreinsa virka síu“.



Með kveðju

Origo Heilbrigðislausnir